

Leitin að týndu lauginni Sælingsdalslaug

Guðmundur Ólafsson



5

Leitin að týndu lauginni Sælingsdalslaug

Guðmundur Ólafsson



Ljósmynd á forsiðu: Mynd 1. Horft til norðvesturs upp eftir Bæjargili. Steypta þróin er ofarlega til vinstri á myndinni og liggja ljósir hveravatnstaumar niður frá henni. Ljós. Guðmundur Ólafsson.

© 1999 Þjóðminjasafn Íslands/Guðmundur Ólafsson
Öll réttindi áskilin.

ISSN 1560-8050

Prentun/umbrot: Gutenberg – Hraðlestin

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Aðdragandi	5
Ritheimildir	5
Laxdæla saga	5
Sturlunga saga	5
Jarðabækur 1703 og 1731	6
Ferðabók Eggerts og Bjarna 1752 – 1757	6
Sóknarlýsing Hvammsveitar 1839	6
William Morris 1871 – 1873	6
Kristian Kálund 1872 – 1874	7
Sigurður Vigfússon 1881	7
Þorleifur Jónsson um 1880	7
W.G. Collingwood 1897	8
Hitaveituf framkvæmdir 1930	9
Rannsókn Gísla Gestssonar 12. – 16. júní 1956	9
Könnun í ágúst 1998	11
Verkátun	12
Rannsókn 3. – 5. ágúst 1999	12
Niðurstaða	14
Sundlaug	14
Heimildir	16

Leitin að týndu lauginni

Sælingsdalslaug

Aðdragandi

Sælingsdalslaug er vel þekkt bæði úr Laxdælu og Sturlungu. Eftir það er laugarinnar getið víða í rituðum heimildum, allt frá um 1700. Svo virðist sem laugin hafi nánast verið notuð sem almenningsbað frá fyrstu öldum fram á 19. öld. Fyrir miðja 19. öld fellur skriða á laugina og færir hana í kaf svo að hún verður ónothæf til baða. Ekki virðist hafa verið reynt að grafa hana upp heldur var búin til ný laug sem ekki var talin vera jafngóð hinni fyrri. Böð lögðust af í lauginni og smám saman féll hún í gleymsku. Í dag sést ekkert móta fyrir lauginni á yfirborði og ekki er vitað hvar hin forna laug var staðsett.

Um 1930 er heitt vatn var leitt í gamla bæinn á Laugum var komið niður á steinhlaðna vatnsrennu upp í hlíðinni fyrir ofan bæinn. Gísli Gestsson safnvörður á Þjóðminjasafni kannaði rennuna árið 1956 og taldi sennilegt að hún hefði verið aðrennslisrenna fyrir heitt vatn að lauginni.

Á undanförunum árum hefur áhugi heimamanna vaknað á því að reyna að finna laugina að nýju, grafa hana fram og hafa til sýnis. Haft var samband við Þjóðminjasafnið 1998 og þess óskað að það tæki að sér leit að lauginni. Guðmundur Ólafsson kannaði aðstæður sumarið 1998 og taldi líklegt að hægt væri að finna laugina með markvissum þrúfuskurðum.

Í framhaldi af því voru grafnir nokkrir könnunarskurðir í Bæjargili sumarið 1999 til þess að reyna að staðsetja laugina.

Ritheimildir

Eins og fram kemur í inngangi er Sælingsdalslaug vel þekkt og er getið mjög víða í rituðum heimildum. Í þessum kafla eru dregnar saman helstu frásagnir sem greina frá lauginni og ýmsar vangaveltur sem menn hafa um örlög hennar og hugs-

anlega staðsetningu. Stuðst er við íslenskar þýðingar á frásögnum erlendra menna þar sem þess er nokkur kostur.

Laxdæla saga

Frægasta frásögn af Sælingsdalslaug er í Laxdælu. Þar er m.a. greint frá því að Guðrún Ósvífursdóttur átti þar samræður við Gest spaka Oddleifsson um draumfarir sínar og réð hann þar draumana um örlög tilvonandi eiginmanna hennar: “Gestur ríður nú um daginn vestan úr Saurbæ og kemur til Sælingsdalslaugar og dvelst þar um hríð. Guðrún kom til laugar og fagnar vel Gest frænda sínum.”¹ Guðrún dvaldist einnig löngum við laugina ásamt Kjartani Ólafssyni og Bolla Þorleikssyni: “Fór Kjartan hvergi þess er eigi var Bolli með honum. Kjartan fór oft til Sælingsdalslaugar. Jafnan bar svo til að Guðrún var að laugu. Þótti Kjartani gott að tala við Guðrúnu því að hún var bæði vitur og málsnjöll.”²

Sturlunga saga

Í Sturlungu er talað um Sælingsdalslaug eins og þar sé nánast almenningsbað í sveitinni þar sem menn fara margir saman í laugina. Menn eru líka drepnir við laugina: “Síðan lét Sturla halda njósn um til hvað þeir hefðust að í Ásgarði og varð þess vís að þeir Erlendur prestur ætluðu til laugar á drottinsdag.

Og eftir dagverð drottinsdag fór Sturla heiman og Sveinn son hans til lauga. Og er þeir komu þar þá var prestur í laugu en Snorri gekk úr lauginni en Þorleifur sat og fór úr klæðum og ætlaði í laug.

¹ Íslendinga sögur III 1987:1579-1581.

² Íslendinga sögur III 1987:1592.

Þeir unnu þegar á Snorra og vógu Þorleif. Þá mælti Sturla við Svein að hann skyldi vinna á Erlendi presti.

Hann kvað sér það eigi sama “því að hann er skírifaðir minn. Síðan fóru þeir Sturla heim og prestur”³ Nokkru síðar kemur laugin enn við sögu: “Einar Ingibjargarson fór oftlega of veturinn til laugar með fimmta mann eða sjötta. Einar Þorgilsson hélt njósnum til um ferðir hans. Hann frétti þá að Einar Ingibjargarson ætlaði annan dag til laugar. Hann fór þá vestan við þrjá tigu manna. Þann sama dag bjóst Einar Ingibjargarson til laugar við fimmta mann.

Sturla latti hann “og þykja mér illar hleypifarir slíkar.”

Einar kveðst fara vilja jafnt sem áður. Síðan bjóst Sturla til ferðar og voru þeir á þriðja tigi og alvopnaðir.

Gils Styrmisson bjó þá að Laugum. En er hann varð var við að Einar Þorgilsson sat við laugina fjölmennur þá leysti hann út kýr sínar og rak ofan í hóla því að hann vissi að Hvammsmenn ætluðu til laugar. Hann kallar að þeir Sturla skyldu aftur ríða en annað skeið æpti hann á nautin til ólíkinda.

Þeir Sturla fóru um fjall og komu til laugarinnar og voru þeir Einar Þorgilsson þar fyrir og réðu hvorigir á aðra. Og nú fór Einar Þorgilsson heim en Sturla litlu síðar. Sturla lést ætla að Einar Ingibjargarson mundi eigi þykjast of fjölmennur hafa verið ef hann hefði farið með fimmta mann sem hann ætlaði.

Hann svarar: “Oft ertu mágur vitrari en eg.”

Síðan voru þeir varari um laugarfarar en áður.”⁴

Í sögunum kemur því miður ekki nákvæmlega fram hvar laugin var, hvernig hún var gerð né hversu stór hún var.

Jarðabækur 1703 og 1731

Ekki er minnst á laugina í Jarðabók Árna Magnússonar og Bjarna Pálssonar frá 1703⁵, en í Jarðabók Orms Daðasonar sýslumanns frá um 1731 segir m.a. um Laugar: “Laug er þar þienannleg, og Hverer hia.”⁶

Ferðabók Eggerts og Bjarna 1752 – 1757

Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson ferðuðust um landið upp úr miðri 18. öld. Í Ferðabók þeirra er minnst á Sælingsdalslaug en frásögnin er svo almennt orðuð að draga má í efa að þeir hafi komið að Laugum:

“Meðal hinna mörgu heitu uppsprettna á Vesturlandi verður *Sælingsdalslaug* í Dalasýslu, skammt frá Tungukirkju, fyrst fyrir. Hún er kunn frá elztu tímum og þótti heilnæm baðlaug. Var hún mikið notuð til forna (sbr. *Laxdæla sögu* og *Sturlungu*) og einnig nú á tímum.”⁷

Af þessum frásögnum að dæma virðist laugin hafa verið enn í notkun um miðja 18. öld.

Sóknarlýsing Hvammsveitar 1839

Í sóknarlýsingu Hvammsveitar eftir sr. Jón Gíslason og Þorleif Jónsson, sem gerð er í Hvammi í september 1839, segir svo: “Sú einasta laug í Sóknunum þessum er fyrir ofan samnefndan Bæ, hvar vatni úr Hver af brennheitu, en ecki sjóðandi Vatni var veitt í hana og hefir hún verið vel tilbúin, og sökum alldurs merkileg, þó er hún nú fyrir laungu vegna vanhýrðingar óbrúkanleg af Sandskriðu sem í hana er fallin.”⁸

Þessi frásögn er merkileg vegna þess að þarna koma fram ýmsar nýjar upplýsingar um laugina. Þetta er sennilega í fyrsta skipti sem greint er frá því að laugin sé orðin ónothæf vegna þess að skriða hafi fallið í hana fyrir löngu. Þarna er líka sagt að laugin sé fyrir ofan bæinn og að í hana sé veitt brennheitu en ekki sjóðandi vatni.

Gísli Gestsson benti á í rannsóknarskýrslu sinni að svo virtist að þeir sem sömdu þessa lýsingu hafi vitað hvar laugin hafi verið, og að það sé athyglisvert, að þeir segi hana vera “fyrir ofan” bæinn, en taki ekki svo til orða að hún sé uppi í brekkunni. Enn fremur telur hann að ekki sé víst að orðin “fyrir laungu” þurfi að merkja marga áratugi.

Samanburður á þessum textum gefur til kynna að skriða hafi fallið í laugina einhvern tíma á tímabilinu 1760 – 1830.

William Morris 1871 – 1873.

William Morris skrifaði dagbækur um ferðir sínar um Ísland á árunum 1871 – 1873 og gaf þær út undir heitinu *Icelandic Journals*. Hann kom að

³ Sturlunga saga I 1988:69-70.

⁴ Sturlunga saga I 1988:74-75.

⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Bjarna Pálssonar VI 1938:89

⁶ Saga. Tímarit Sögufélags V 1965:224.

⁷ Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar 1981:223.

⁸ ÍB 20 fol.

Laugum í Sælingsdal í för með Sr. Þorleifi Jónssyni (1794 – 1883) sem kom í Hvamm 1802. Frásögn Morris af lauginni í Sælingsdal er athyglisverð: “Fólkið er við heyskap niðri á mýrlendinu, en þegar húsbóndinn á Laugum sér okkur, kemur hann til móts við okkur, kyssir gamla prestinn, og fer með okkur upp á hæðina fyrir ofan bæinn, en þar í malargeira er laugin, sem bærinn dregur nafn af. Núna er hún um þrjú fet í þvermál og um það bil hnédjúp og auðvitað næstum sjóðandi. Presturinn segist muna eftir henni miklu stærrí og það djúpri að hún náði honum í mitti; en fyrir tuttugu árum hafði skriða fallið yfir hana, unz hún opnaðist aftur eins og við sjáum hana núna, lítil og skrýtin lind er kemur óforvarandis upp úr beru grjóttinu nokkrum metrum fyrir ofan laugina. Nokkru ofar í hæðinni komum við að annarri heitri laug er spratt út úr berginu og rennur síðan í reglulegum farvegi. Það er fullt af fjólum í kringum hana.”⁹

Þarna er sagt að skriðan hafi fallið fyrir um 20 árum og samkvæmt því ætti það að hafa gerst um 1850. Orðalagið bendir ótvírætt til þess að Sr. Þorleifur sé að segja frá eigin reynslu varðandi laugina.

Kristian Kálund 1872 – 1874.

Kristian Kálund ferðaðist um landið á árunum 1872-1874. Hann kom að Laugum og segir svo í Íslandslýsingu hans:

“Ofan við bæinn er lítill hluti af hlíðinni afmarkaður af tveimur giljum. Sagt er að fyrir allmörgum árum hafi verið þar falleg græn brekka, en þá eyddi stór skriða öllu grasi og breiddist yfir túnið fyrir neðan. Þar er laugin uppi í hlíðinni við nyrðra gilið. Rennur vatnið þar út úr fjallsbrekkunni eins og uppspretta. Er það 30 – 40° heitt og safnast í dálitla skál skammt fyrir neðan og er þar til heimilisnota. Þessi skál á samt að vera ný og þá fyrst gerð er skriðan hafði runnið yfir og skemmt hina fyrri, en í henni eiga að hafa verið steinsæti og greinilega ætluð til baðs. Allmargir hverir eru við hitt gilið í hlíðinni, allmerkilegir, því að það er eins og þeir spýtist út úr þverhníptum hveragrjótsvegg um lítinn stút, og þaðan rennur vatnið niður vegginn, talsvert heitara en vatnið í lauginni, þó ekki sjóðandi.”¹⁰

Í frásögn Kálunds kemur fram að hin forna laug

hafi verið upp í hlíðinni við nyrðra gilið en hafi eyðilagst af völdum skriðu fyrir allmörgum árum og að nú móti aðeins fyrir dálitilli skál skammt fyrir neðan laugina og sem sé gerð eftir að skriðan féll.

Sigurður Vigfússon 1881

Sigurður Vigfússon kom að Laugum árið 1881 og birti eftirfarandi lýsingu á Sælingsdalslaug í Árbók fornleifafélagsins: “Sælingsdalslaug” er þar í brattlendi fyrir ofan túnið; hafði hún verið hlaðin upp í fyrri daga, að því er gamlir menn hafa sagt mér. Þegar ég var ungr, man ég eftir, að fréttist eitt haust eftir að miklar rigningar höfðu gengið, að aurskriða væri hlaupin þar niðr og hefði skemt mikið og fyllt laugina. Nú sést þar ekkert nema ómerkileg hola, og með því ekkert hefir verið við hana gert síðan, er óvíst, að menn viti, hvar sú upprunalega laug hafi verið.”¹¹

Af orðum Sigurðar virðist ljóst að menn vita ekki nákvæmlega hvar laugin var. Sigurður var fæddur árið 1828 og hefur því verið rúmlega fimmtugur þegar hann kom að Laugum. Skriðan sem hann frétti af í æsku gæti því hafa fallið um 1835 - 1845 sem er um svipað leyti og William Morris var sagt frá. Þetta er hins vegar aðeins á skjön við frásögnina í sóknarlýsingunni sem segir að skriða hafði fallið á laugina löngu fyrir 1839. Þó að erfitt sé að dæma um það núna hve mörg ár var átt við með “fyrir löngu síðan” og “allmörgum árum” er líklegasta skýringin á þessu misræmi milli frásagna sú að fleiri en ein skriða hafi fallið yfir laugina í lok 18. aldar eða fyrri hluta 19. aldar. Samt gæti allt gengið upp með einni skriðu um 1835, ef gert er ráð fyrir mismæli, misheyrn eða misskilningi milli Morris og Sr. Þorleifs sem var um áttætt þegar hann fór með Morris frá lauginni.

Þorleifur Jónsson um 1880

Í Safni til sögu Íslands er grein eftir Þorleif Jónsson, prófast í Hvammi, um örnefni í nokkrum fornsögum. Þar segir um Laugar: “Bærinn dregur nafn sitt af laug þeirri (Laxd. 33. 38), sem þar er í holtsbarmi ofanvert við túnið. Hún hefir lengi vanhirt verið, og einkum síðan hún fylltist af sandskriðu; henni hafði upphaflega verið vel fyrir komið.”¹²

⁹ William Morris 1975. Dagbækur úr Íslandsferðum 1871 – 1873.

¹⁰ Kristian Kálund II 1983:107

¹¹ Árbók hins íslenska fornleifafélags 1882:73.

¹² Safn til sögu Íslands II 1886:568.



Mynd 2.
Teikning Collingwoods
af Laugum í
Sælingsdal.

W.G. Collingwood 1897

Í einu bréfi Collingwoods er frásögn af heimsókn að Laugum og sagt frá umbúnaði við hverri fyrr á öldum: “Eins og venjulega riðum við af stað í ausandi rigningu, yfir ár og keldur og stórgrýtisurðir og höfnuðum loks þar sem nefnist Sælingsdalur. Undir hömrnunum þar og í námunda við heita hverri er bær sem heitir Laugar. Þar fæddist Guðrún og þar ólst hún upp. Áður fyrri voru þessir hverir vandlega yfirbyggðir og leiddir í stokka, en síðan hafa skriður fallið og eyðilagt þessi gömlu mannvirki. En vatnið kraumar enn

sem fyrr og gufar upp í loftið. Engum kemur til hugar að leggja pípur frá þessum uppsprettum, heldur verða vesalings konurnar að burðast með þvottinn þangað, skola hann undir berum himni, en ískalt eða sjóðandi vatnið rennur ofan hlíðina.”¹³

Collingwood teiknaði einnig mynd af bænum á Laugum. Þar sést í Hveragil að Húsabaki en Bæjargil þar sem laugin var, er rétt utan myndarinnar til hægri.

¹³ Fegurð Íslands og fornir sögustaðir 1988:99 og 219.

Hitaveituframkvæmdir 1930

Árið 1929 samdi ungmennafélag Dalamanna við bóndann á Laugum að félagið fengi afnot af heitu vatni til þess að koma upp sundlaug á staðnum gegn því að ungmennafélagið legði heitt vatn í bæinn.

Í kjölfar þess var lögð vatnsleiðsla í gamla bæinn að Laugum árið 1930. Steypt var þró uppí hlíðinni ofan við bæinn og heitt vatn leitt þaðan niður brekkuna og inn í bæinn. Þá hefur sennilega verið komið niður á hlaðna rennu úr grjóti uppi í hlíðinni fyrir ofan bæinn, þó að menn virðist ekki hafa veitt henni athygli fyrr en 1950, samkvæmt frásögn Einars Kristjánssonar: “Það mun hafa verið um 1950 að Jón sál. Bjarnason var einu sinni sem oftast að sumarlagi staddur á Laugum. Ágúst og Lára höfðu þá orð á því við hann að kalt gerðist í bænum að vetrinum. Til að kanna orsakir að þessu, fóru þeir Jón upp að steinþrónni í holtinu, sem gerð var vorið 1930, þegar, samkvæmt samningi var lögð hitaleiðslan þaðan í Laugabæ. - Vatn rann beggja megin þróarinnar. Fóru þeir að grafa allt í kringum steinþróna. Fljótlega komu þeir niður á steinrennu, sem virtist að nokkru leyti gerð úr höggnu grjóti, með vel felldum hellusteinum yfir. Þar sem þeim félögum varð strax ljóst að hér var um fornminjar að ræða, hættu þeir strax greftri.”¹⁴

Rannsókn Gísla Gestssonar 12. – 16. júní 1956

Þjóðminjaverði var skrifað um málið og í framhaldi af því fór Gísli Gestsson safnvörður á Þjóðminjafni Íslands og rannsakaði staðinn árið 1956. Hann gróf upp hluta af rennunni og taldi sig hafa komist fyrir upphaf hennar við klöpp í hlíðinni. Eftirfarandi frásögn er lýsing hans á rannsókninni:


“Laugar í Sælingsdal standa undir fjalli, sem Lauga(r)fell heitir. Sunnan við bæinn kemur lækur úr gili í fjallinu. Það heitir Bæjargil, litlu sunnar er annað gil, sem nefnist Hveragil. Á milli giljanna er ávöl tunga, sem nú er öll skriðurunnin, og eru skriðurnar allmislitar, þar eð ýmist er ljósgrýti eða blágrýti í þeim, en hér og hvar standa klettasnasir út úr brekkunni. Skriðurnar eru allbrattar og ná alveg niður að jafnsléttu, en þar tekur við túnið á Laugum. Norðan við Bæjargilið er hlíðin hins vegar gróin og munnmæli herma,

að svo hafi einnig verið á milli giljanna, en á 19. öld (seint ?) hafi skriða mikil runnið ofan brekkurnar og hulið allan gróður niður að jafnsléttu. Í Hveragili kemur allmikið heitt vatn út úr klettum, og er það nú notað í sundlaug (yfirbyggða), sem reist hefur verið á grundinni fram undan gilinu, og til upphitunarhúss skólakennara, sem stendur þar hjá, og á einnig að notast til að hita fleiri skólabyggingar, sem nú eru þar í smíðum. Norðar í brekkunni á milli giljanna kemur upp heitt vatn og er því safnað í steipta þró og síðan leitt í pípum heim að Laugum og er haft til að hita upp bæinn. Kálgarðar eru nú í brekkunum fyrir neðan þróna, og eru garðarnir raunar tveir, en afrennslið frá þrónni er á milli þeirra.

Baðlaugar hjá Laugum er getið bæði í Laxdælu og Sturlungu og virðist hún hafa verið mikið notuð. Nú er hún með öllu týnd, horfin undir skriðu, og eru engin munnmæli til, sem kveða á um hvar hún sé”.... “Nú veit það enginn, og eru allar staðsetningar á henni aðeins ágizkanir.

Ég kom að Laugum 12. júní 1956 og var aðal-erindið að rannsaka mannvirki, rennu fyrir heita vatnið, sem fundizt hafði fyrir ofan inntökuþró hitaveitunnar á Laugum. Þróin er uppi í brekkunni (í 20 m hæð ?) og rennur fram á hana skriða úr líparíti eða öðru ljósgrýti. Halli skriðunnar er allmikill, rúmlega 4:10 (22°), og er skriðan mjög laus. Rennan eða ræsið var hlaðið á fasta og óhreyfða jörð þannig að lagðir voru steinar í samhliða hleðslur með ca 20 sm millibili og síðan lagðar hellur yfir. Ræsið náði aðeins 5 m upp frá þrónni, en þar kom heita vatnið út úr lausri, smágerðri mól, sem lá á ósléttri klöpp eða mjög hörðu hnúllungabergi. 2,5 m fyrir ofan efri enda ræsisins var stallur og tók þar við faguð blágrýtis-klöpp. Hún var með öllu þurr að ofan og virtust upptök heita vatnsins vera fyrir neðan stallinn. Kom það þar inn í skurði þá, sem ég gróf úr norðri, og tel ég víst, að það renni þar í algjörlega óhreyfðri jörð, og hafi þá verið skammt til þess staðar, sem það kemur út úr klöppinni. Þarna rann vatnið í nær tveggja metra dýpi og var óhægt að grafa í skriðuna, og taldi ég ekki ástæðu til að leita upptaka vatnsins lengra. Sé gert ráð fyrir að þróarbarmarnir séu í 0 m hæð, eru efstu upptök heita vatnsins, sem ég sá í 1,39 og 1,43 m hæð. Framan við klapparstallinn var hæð berggrunn-
ins 1,87 m en yfirborð klapparinnar (stallsins) í 2,10 m hæð. Yfirborðshæð skriðunnar yfir klöppinni yfir klöppinni var í 3,60 m hæð.


¹⁴ Einar Kristjánsson 1982:3 – 4.



Mynd 3. Flatarteikning af rennunni ofan við steypu þróna.
Teikn. Gísli Gestsson.

Nú skal að lokum rætt nokkuð hvar líklegt sé, að laugin hafi verið. Niður frá þrónni liggja hitavatnspípur heim að Laugum og afrennsli þróarinnar fylgir þeim nokkurn veginn niður í Bæjargil. Undir afrennslinu er ávöl bunga og er þar alls staðar mjög grunnt niður á klökk. Þar eru einnig leifar af gömlum kálgarðsvegg. Sitt hvorum megin afrennslisins eru nú kálgarðar niður að jafnsléttu. Er þar grunnt á klökk efst og niður fyrir

miðja brekku. Öðru hvorum megin við afrennslið ætla ég að laugin hafi verið niður undir jafnsléttu. Virðist varla geta verið um mjög stórt svæði að ræða og naumast getur verið meira en 2 m niður á laugina. Mér lízt líklegri staður Bæjargils megin. Þar er undirlendi mjótt, og á einum stað kemur svo sem gróinn farvegur eða samfallinn skurður útundan skriðunni. Mætti það vel vera afrennsli laugarinnar. Frá þessum stað er einnig



Mynd 4. Sniðteikning af rennunni ofan við steypu þróna. Teikn. Gísl Gestsson.

skemmst til heita vatnsins og þar var auðveldast að blanda það köldu vatni úr Bæjargilinu.

Jón Bjarnason, blaðamaður við Þjóðviljann, sem er fæddur og uppalinn á Laugum, kannast vel við þennan stað og telur hann einnig líklegan. Hann varar við því að telja allar hleðslur, sem finnast kunna í skriðunni, formannaverk, því þar í gílinu áttu börnin sér löngum bú.”¹⁵

Könnun í ágúst 1998

Að beiðni Jóhanns Sæmundssonar að Ási í Dalasýslu fór Guðmundur Ólafsson að Laugum í Sælingsdal þann 23. ágúst 1998 til þess að kanna möguleika á að finna hvar laugin hefði verið sem fór undir skriðu á 19. öld.

Eins og fram kemur í lýsingu Gísla Gestssonar hér að framan eru tvö gil í hlíðinni ofan við bæinn, Bæjargil hið nyrðra og Hveragil sem er um 60 – 80 m sunnar. Lýsing Gísla var höfð að leiðarljósi og borin saman við aðstæður eins og þær eru í dag.

Í miðri hlíðinni skammt sunnan við Bæjargil fundust leifar af steyptri þró sem mun vera mannvirkið sem byggt var árið 1929 og varð til þess að rennan fannst.

Rennan átti að vera upp af þessari þró og við nánari athugun reyndist þar vera grunn rás sem var

nokkuð frábrugðin skriðunni í kring. Þar er sennilega rennan sem Gísl gróf upp. Neðst sveigir hún aðeins til norðurs. Neðan við steypu þróna eru engin sýnileg merki um rennuna og erfitt að segja til um hvaða stefnu hún tekur þaðan.

Við nánari athugun mátti greina leifar af steinhleðslu við lækinn í Bæjargilinu. Þessi hleðsla virtist ekki vera ýkja vönduð og hugsanlega eru þetta leifar af laug eða skál sem gerð var þarna á 19. öld. Skammt ofan við hana er lítill grasi vaxinn hvammur sem skriða hefur fallið yfir að hluta. Í skriðunni þar fyrir ofan má á stöku stað greina merki um að heitt vatn renni undir yfirborði. Þetta eru í raun einu vísbendingarnar sem hægt er að taka mið af í dag um hvar leita beri laugarinnar á Laugum í Sælingsdal.

Ég tel sennilegast að rennan sem fannst ofar í hlíðinni sveigi til norðurs og liggja ofan í Bæjargil og endi undir skriðunni nálægt gróna kriknum fyrir neðan svæðið sem heita vatnið virðist leita niður skriðuna. Það er þó alls ekki víst og í raun má segja að laugin geti verið nánast hvar sem er í Bæjargilinu eða undir skriðunni sunnan undir Bæjargili. Mjög erfitt er um vik til rannsóknar þarna á staðnum. Skriðugrjótið er að mestu fremur smátt eða um 5 – 10 cm í þvermál með hvassar brúnir. Ekki er hægt að koma við neinum vélum til að aðstoða við rannsókn án þess að valda verulegum spjöllum á umhverfinu. Allur gróftur á staðnum

¹⁵ Gísl Gestsson 1956. Handrit að skýrslu ásamt flatar- og sniðteikningu af rennu.



Mynd 5. Horft til vesturs yfir neðri hluta Bæjargils. Ofarlega til hægri er skurður 2. Verið er að grafa skurð 6. Skurður 4 er við lækjarbakkann til hægri og skurður 5 er neðan við plastið til vinstri. Ljósmynd. Guðmundur Ólafsson.

verður að vinnast með handverkfærum og er því seinlegur. Ógerlegt er nú að átta sig á því hve þykkt skriðulagið er sem liggur ofan á rennuni og lauginni án frekari rannsóknar og það skiptir auðvitað miklu máli upp á umfang verksins hvort 0,5 m eða 2 m þykkt skriðulag er ofan á rennu og laug. Ef vilji er til þess að hefja leit að lauginni tel ég vænlegast til árangurs að byrja á því að finna rennuna upp í hlíðinni á nýjan leik og fylgja henni niður skriðuna. Ef sú ályktun er rétt að rennan hafi verið gerð til þess að leiða heitt vatn í lagina þá er laugin væntanlega við neðri enda rennunnar.

Verkáætlun

Í framhaldi af athugun á vettvangi lagði Guðmundur fram tillögur að verkáætlun. Miðað við ofangreindar forsendur taldi hann að tveir fornleifafræðingar og tveir aðstoðarmenn ættu að geta staðsett lagina með tveggja til þriggja daga rannsókn á staðnum. Gerði hann ráð fyrir að kostnaður við slíka rannsókn gæti orðið allt að 500.000 kr. með heimildasöfnun, vettvangsrannsókn og úrvinnslu gagna. Þá gerði hann ráð fyrir að Búðardalur legði til tvo aðstoðarmenn úr

unglingavinnunni, með sama hætti og gert hefur verið á Eiríksstöðum.

Rannsókn 3. – 5. ágúst 1999

Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti framlagða áætlun og óskaði í bréfi dags. 19. júlí eftir því að Þjóðminjasafnið tæki verkið að sér í samræmi við hana. Lagt var af stað frá Reykjavík kl. 13.00 þann 3. ágúst 1999. Komið var við í Stykkishólmi þar sem náð var í minjavörð Vesturlands til þess að aðstoða við rannsóknina. Gist var að Stóra-Vatnshorni meðan á rannsókn stóð.

Þann 4. ágúst hófst leitin að lauginni. Auk Guðmundar Ólafssonar deildarstjóra fornleifa-deildar og Magnúsar A. Sigurðssonar minjavarðar Vesturlands tóku Kristján R. Guðnason og Víðir Jónsson frá Búðardal þátt í leitinni.

Skurður 1

Byrjað var á að grafa skurð fyrir ofan steypu þróna upp í hlíðinni í Bæjargili í því skyni að finna gömlu steinrennuna. Hún fannst á 40 cm dýpi um einum metra ofan við þróna. Hreinsað var ofan af henni á um 1 m löngum kafla. Ekki var hróflað við rennuni að öðru leyti. Greinilegt rennslis-



Mynd 6. Horft til norðausturs ofan frá rennunni sem er neðst á myndinni. Greina má barminn á steyptu þrónni á miðri mynd. Í baksýn er verið að grafa skurð 6. Rannsóknin bendir til að laugarinnar sé helst að leita í lautinni milli grafaranna og lækjarins. Ljós. Guðmundur Ólafsson.

hljóð heyrðist í rennunni sem bendir til þess að enn renni vatn þar í gegn.

Þegar rennan hafði verið fundin voru grafnar sjö könnunarskurðir til þess að reyna að staðsetja rennuna í hlíðinni fyrir neðan steyptu þróna. Dálítill sveigur virtist vera á rennunni, eins og hún væri að beygja til norðvesturs í áttina inn í Bæjargil og var það haft til hliðsjónar þegar könnunarskurðir voru staðsettir.

Skurður 2

Grafinn var þverskurður í hlíðina um 6 m neðan við þróna. Hann var 10 m langur og lá í sveig með hlíðinni til norðurs frá gamla hitaveituskurðinum. Á 10 til 20 cm dýpi var komið niður á mjög harðan jökulleir eða klöpp. Ofan á þessu harða lagi var mül og grjót sem virtist vel geta tilheyrt aurskriðu. Þegar þessi vitneskja lá fyrir var hægt að geta sér til um hvernig rennan hefur verið gerð og frágangur hefur verið við rennuna. Annars vegar má má ætla að fyrrum hafi þykkari jarðvegur verið í brekkunni og að rennan hafi verið grafin niður að jökulklöppinni sem hefði þá myndað botn rennunnar. Lýsing Gísla Gestssonar af rennunni bendir til þess að þannig hafi umbúnaður

verið. Hins vegar er ekki alveg óhugsandi að renna hafi verið grafin eða höggvin niður í jökulleirinn.

Ef rennan hefur legið ofan á klöppinni er líklegt að hún hafi sópast burtu með skriðunni, en ef hún hefur verið grafin niður í leirinn eru meiri líkur til að finna minjar um hana.

Syðst í skurðinum, næst hitaveitulögninni, voru nokkrir steinar ofan á jökullaginu sem við nánari athugun reyndust liggja sitt á hvað og var ekki hægt að sjá að tilheyrðu neinni hleðslu.

Nyrst í skurðinum lækkaði yfirborð jökulleirsins skyndilega og var sandur þar undir skriðugrjótinu. Þar undir voru steinar og hellur sem í fyrstu virtust geta verið hluti af hleðslu. Er skurðurinn var breikkaður og grafið dýpra kom í ljós að þetta voru náttúrulegir steinar í sandlagi. Hugsanlega er þetta gamall náttúrulegur farvegur vatnsins úr hlíðinni. Þarna var grafið niður á 60 – 70 cm dýpi.

Skurður 3

Um 15 m norðan og neðan við skurð 2 var grafinn 1,6 m langur og 0,5 m breiður skurður. Staðurinn var valinn vegna þess að á yfirborði eru ljósar útfellingar frá heitu vatni á steinum, sem bent gat

til heitavatnsrásar þar undir. Á um 40 cm dýpi var komið niður á harðan jökulleirinn og var þar ekkert að sjá annað en skriðumöl. Var grefti þá hætt þar. Kalt vatn seytleði fram á þessum stað.

Skurður 4

Næst þótti rétt að kanna hvort laugin hefði getað verið í læknum eða alveg við hann. Valinn var staður ofarlega í gilinu þar sem náttúrulegar aðstæður bentu til að heppilegt gæti hafa verið til að koma fyrir baðlaug. Grafið var 160 cm langt, 50 – 90 cm breitt og 30 cm djúpt snið við lækjarbakkann. Komið var niður á steina rétt undir yfirborði og þeim fylgt eftir til þess að kanna hvort um hleðslu væri að ræða. Svo reyndist ekki vera og var þá leit hætt á þessum stað.

Skurður 5

Neðarlega í Bæjargili, sunnan megin við lækinn, er um þriggja metra löng fyrirhleðsla úr grjóti. Hún er í grasi vaxinni lág sem er 60 – 70 cm djúp og allt að 3 m breið og 5 – 10 m löng. Hleðslan liggur um 2 – 3 m norðan við skurðinn sem grafinn var fyrir hitaveitulögninni 1929.

Grafinn var 1 m langur, 60 cm breiður og 70 cm djúpur skurður norðanmegin að hleðslunni. Neðst í skurðinum voru steinar og torfusneplar sem bentu til mannvirkis úr torfi og grjóti, en af ummerkjum af dæma virtist ekki um mjög gamla hleðslu að ræða.

Skurður 6

Í brekkunni um 20 m ofan við skurð 5 var grafinn 5 m langur skurður norður frá hitaveituskurðinum. Á 20 – 30 cm dýpi var komið ofan á klöpp. Engin hleðsla fannst. Ofan á klöppinni var mold og grjót sem er sennilega úr aurskriðu.

Skurður 7

Ofangreindir könnunarskurðirnir leiddu í ljós að rennan hefur ekki sveigt til norðurs inn í bæjargilið, eins og upphaflega virtist líklegast. Þá vaknaði sú spurning hvort rennan hefði e.t.v. aðeins náð niður að þrónni. Til þess að kanna það betur var grafinn 2 m langur skurður um 2 m neðan við þróna og sunnan við hitaveituskurðinn. Grafið var niður á 50 cm dýpi í blönduðum jarðvegi með mold og grjóti. Nyrst í skurðinum komu stórir steinar í ljós sem virtust liggja niður frá þrónni og niður eftir hlíðinni. Steinarnir vour flestir um 30 cm og allt að 60 sm í þvermál. Norðan

við þá voru fleiri steinar og hellur sem lágu á ýmsa vegu. Sums staðar var mold milli steina en annars staðar var möl.

Steinarnir eru hugsanlega komnir þangað af manna völdum. Á þessu stigi málsins er ekki unnt að skera úr um hvort þeir eru frá því raski sem þarna varð þegar þróin var steipt eða hvort þeir hafa tilheyrt rennunni.

Niðurstaða

Rannsóknin leiddi ekki til ótvíræðrar niðurstöðu um staðsetningu laugarinnar. Þó hefur hún þrengt nokkuð svæðið sem ástæða er til að kanna betur. Ef rennan hefur haldið beint áfram niður hlíðina, framhá þrónni, er hugsanlegt að hitaveituskurðurinn hafi verið lagður á sama stað og menn jafnvel notað sér þann farveg sem verið hefur fyrir í rennunni. Ef það reynist vera rétt, er hætt við að rennan hafi eyðilagst að miklu eða öllu leyti fyrir neðan þróna. Á móti má segja að hafi hitaveitan fylgt rennunni þá sé laugina væntanlega að finna á þeirri leið. Ef gengið er út frá því tel ég sennilegt að laugina sé að finna neðan undir brekkunni, suðvestur af skurði 5.

Af könnunarskurðum sem teknir voru ofar í brekkunni virðist mestallur jarðvegur hafa farið úr hlíðinni með skriðunni og endað við brekkurætur. Má því ætla að sé laugin á þessum stað muni a.m.k. 1 m þykkur skriðujarðvegur vera ofan á henni.


Til þess að finna laugina án þess að þurfa að grafa upp óþarflega stórt svæði væri reynandi að nota jarðsjármælingar og hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að fá slík tæki á staðinn næsta sumar.

Sundlaug

Í gögnum sem Einar Kristjánsson fyrrverandi skólastjóri hefur tekið saman um Laugar nefnir hann m.a. að sund hafi verið iðkað til forna í hinum forna sundpolli. Einar telur þetta hafa verið allstóra torflaug við bakkann ofan árinna við Köldulaugareyri, meðfram melbarðinu sem var austan við Sælingsdalsá. Köldulaugareyri er eyrin neðan brúarinnar yfir Sælingsdalsá. Ummerki um þessa laug hafi framburður og annað rask Sælingsdalsár þurrkað út.¹⁶

EKKI er mér kunnugt um hvort Einar hefur einhverjar heimildir fyrir sér í þessu efni aðrar en örnefnið Köldulaugareyri.

¹⁶ Einar Kristjánsson 1982:3 -5 og 1998:1.



Mynd 7. Lausleg teikning af vesturhluta Bæjargils og skurðum sem þar voru grafnir í ágúst 1999. Teikn. Guðmundur Ólafsson.

Heimildir

Collingwood, W.G. 1988. *Fegurð Íslands og fornir sögustaðir*. Svipmyndir og sendibréf úr Íslandsför W.G. Collingwoods 1897. Reykjavík.

Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson I 1981. *Ferðabók Eggert Ólafssonar og Bjarna Pálssonar 1752 - 1757*. Reykjavík

Einar Kristjánsson 1982. *Laugar í Sælingsdal*. Forn jarðalýsing. Stutt ágríp af sögu og notkun jarðhitans á staðnum. Handrit dags. nóv. 1982.

Einar Kristjánsson. *Saga, fornar minjar og ferðamennska í Dölum*. Ódags. handrit. Afhent Þjóðminjasafni 24/7 1998.

Gísli Gestsson 1956. *Laugar í Sælingsdal*. Handrit að skýrslu ásamt flatar- og sniðteikningu.

Jón Gíslason og Þorleifur Jónsson 1839. *Sóknarlýsing Hvammsveitar*. ÍB 20 fol.

Laxdæla saga 1988. *Íslendinga sögur III*. Reykjavík.

Kálund, P.E. Kristian 1985. *Íslenskir sögustaðir II*. Reykjavík.

Morris, William 1975. *Dagbækur úr Íslandsferðum 1871 – 1873*. Reykjavík.

Ormur Daðason 1965. Jarðabók yfir Dalasýslu, samantekin 1731. *Saga V*. Bls. 136 – 296. Reykjavík.

Sturlunga saga I 1988. Reykjavík.

Þorleifur Jónsson 1886. Örnefni nokkur í Breiðafjarðardölum. *Safn til sögu Íslands II*, bls. 558 - 577. Kaupmannahöfn.

Leitin að týndu lauginni Sælingsdalslaug

- 1 Framkvæmdir á Keldum 1997-1998 og stefnumörkun um viðgerð bæjarins. Þór Hjaltalín.
- 2 Viðgerðir á Keldum sumarið 1997. Vesturtraðir, smiðja, hjallur og Nýjahús. Þór Hjaltalín.
- 3 Ljósmyndun á Íslandi 1950-1970. Guðrún Harðardóttir.
- 4 Illugastaðir í Laxárdal og Neðstibær í Vindhælishreppi. Rannsókn á bæjarstæði dagana 21. – 23. júní. Guðmundur Ólafsson
- 5 Leitin að týndu lauginni. Sælingsdalslaug. Guðmundur Ólafsson



ÞJÓÐMINJASAFN
ÍSLANDS